



# FRÉTTABRÉF HEIÐARSKÓLA

Desember 2014




Ábm. Bryndís Jóna Magnúsdóttir

## Jólastemmning í desember



Notaleg jólastemmning hefur ríkt hjá okkur í desember. Eins og venja er hefur öllum nemendum verið boðið upp á heitt súkkulaði og piparkökur, sungnir hafa verið jólasöngvar á sal og svo hefur að sjálfsgöðu verið skreytt og skrifað í jólakort. Í 7.-10. bekk fór í fyrsta skiptið fram stofuskreytingakeppni. Samvinna bekkja var mikil og frumleikinn allsráðandi. Keppnin lukkaðist í alla staði vel en það voru krakkarnir í piparkökuhúsi 7.AÓ í stofu 14 sem voru örlítið meiri sigurvegarar en aðrir.

## Jólaskemmtanir og stofujól

Kl. 08.30 - 10.00	Kl. 10.00 - 11.30	Kl. 11.30 - 13.00	
2.HH	2.GP	1.IP	<p>Föstudaginn 19. desember verður hin árlega jólaskemmtun í skólanum. Ráðgert er að hún taki um eina og hálf klukkustund hjá hverjum bekk fyrir sig. Eins og venja er verður jólaguðspjallið flutt af nemendum 7. bekkjar og munu nemendur í söngvali syngja nokkur vel valin jólalög. Þá verður dansað og sungið í kringum jólatréð. Síðan fer hver bekkur til sinnar stofu og heldur stofujól með umsjónarkennara sínum. Nemendur eiga að mæta samkvæmt skipulagi hér til hliðar.</p> 
4.SG	3.MB	1.AJ	
5.EA	4.SRJ	3.KJ	
6.EN	6.HT	5.HS	
9.MÓ	8.ÍA	7.JB	
10.PE	9.FÓ	7.AÓ	
		10.EP	



Jólafrí nemenda hefst að lokinni jólahátíð föstudaginn 19. desember. Skólastarf hefst aftur mánudaginn 5. janúar 2015 samkvæmt stundaskrá.

Starfsfólk Heiðarskóla óskar ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

## Með nesti og nýja skó—Horft til framtíðar

Skólapingið okkar, Með nesti og nýja skó - Horft til framtíðar, var haldið laugardaginn 15. nóvember. Nemendur í 6. bekk sungu fyrir gesti áður en Sóley Halla, skólastjóri, setti þingið með erindi um breyttar áherslur í skólastarfi og mikilvægi þess að við undirbúum nemendum okkur fyrir óráðna framtíð. Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra ávarpaði gesti og opnaði formlega stærðfræðisvæði vefsíðunnar [www.vendikennsla.is](http://www.vendikennsla.is) með hjálp Hjálmars Árnasonar, framkvæmdastjóra Keilis. Þar eru kennslumyndbönd þeirra Írisar, Þóru Guðrúnar og Þóreyjar stærðfræðikennara vistuð og eru nú orðin öllum aðgengileg. Fjögur erindi voru síðan flutt af kennurum skólans. Þau fjölluðu um nýja kennsluhætti, námsmat, uppbyggingarstefnuna og læsi í viðum skilningi. Skólamatúr bauð upp á kjötsúpu í hádeginu og það voru því saddir og sælir gestir sem hlýddu á þau Árna Geir, Pál Orra, Stellu Björk og Snædísí Glóð kynna niðurstöður nemendapings 8.-10. bekkja sem fram fór í lok október. Loks voru málin rædd á málstofum þar sem foreldrum og öðrum áhugasömum gafst tækifæri til að koma skoðunum sínum á nokkrum þáttum skólastarfsins á framfæri. Við kunnum gestum okkar bestu þakkar fyrir virka þátttöku og ánægjulega samveru. Þeir gáfu okkur góðar ábendingar um ýmislegt sem betur má fara en einnig rósir í hnappagat skólans. Við viljum einnig þakka Skólamat fyrir saðsama og góða kjötsúpu.



Stella Björk Einarsdóttir í 10. ÞE var ein þeirra fjögurra sem kynntu erindi nemenda á skólapinginu. Hér má lesa grein eftir hana um upplifun hennar af skólanum sínum, Heiðarskóla.

### Skólinn minn Heiðarskóli



Heiðarskóli er frábær skóli og ég held að það séu flestir sammála mér um það. Það er yndislegt starfsfólk í Heiðarskóla sem hægt er að treysta á og leita til. Stjórnendur eru opnir fyrir nýjungum og eru þeir alltaf að betrumbæta skólastarfið. Nemendur Heiðarskóla hafa verið til fyrirmyndar í öllum skólakeppnum t.d. Skólahreysti og Gettu enn betur. Það er mikil vinátta innan skólans og nemendur bera virðingu fyrir hverjum öðrum. Góður stuðningur er fyrir þá sem erfiða við námið og líka fyrir þá sem eru komnir lengra í námi en jafnaldrar. Í skólabyggingunni eru lyftur sem er hentugt fyrir fólk á hækjum eða í hjólastól og við höfum líka innangengt íþróttahús og frábæra sundlaug. Mér líður mjög vel í Heiðarskóla. Þegar ég var yngri langaði mig að klára skólann sem fyrst en núna langar

mig ekki að fara. Það er skrítið að hugsa til þess að þetta er síðasta árið mitt og er ég mjög þakklát Heiðarskóla fyrir allt.

Stella Björk Einarsdóttir, formaður nemendaráðs Heiðarskóla

## Æsispennandi hreystikeppni Heiðarskóla

Skólahreystikeppni Heiðarskóla fór fram í íþróttasal skólans miðvikudaginn 10. desember. Eins og endranær var spennustig keppenda hátt og stuðningur nemenda í 5.-10. bekk góður. Myndarlegur hópur nemenda úr 9. og 10. bekk spreytti sig á hreystiprautunum og stóðu þeir sig allir með stakri þryði. Fjórir nemendur báru sig úr bítum og munu þeir líklega skipa Skólahreystilið Heiðarskóla eftir áramót. Elma Rósný Arnarsdóttir sigraði keppni í armbeygjum og hreystigreip. Hún gerði 47 armbeygjur og hékk í 2:53 sekúndur. Arnór Sveinsson sigraði keppni í upphífungum og dýfum en hann gerði 39 upphífingar og 20 dýfur. Nafni hans Arnór Breki Atlason fór á besta tímanum í gegnum hraðapraut drengja eða á 1:01 sekúndu. Katla Rún Garðarsdóttir gerði sér lítið fyrir og bætti eigið met og þar með Heiðarskólameitið í hraðapraut kvenna um rúmar fjórar sekúndur en hún fór í gegnum hraðaprautina á 51 sekúndu. Við óskum öllum keppendum okkar til hamingju með árangurinn.



### Víðavangshlaup Heiðarskóla

Þann 6. og 7. október fór fram víðavangshlaup Heiðarskóla á opna svæðinu á milli Heiðarbóls og Valla. Nemendur á öllum aldurstigum tóku þátt og gátu valið um að hlaupa 1,1; 2,2; eða 3,3 km. Veittar voru viðurkenningar fyrir 1., 2. og 3. sætið í öllum árgöngum en nemendur á unglíngastigi höfðu einnig möguleika á að hreppa titilinn „Ofurhlaupari Heiðarskóla“. Ingi Þór Ólafsson varði titilinn frá því í fyrra og verður hann því Ofurhlauparinn okkar í eitt ári viðbót. Veðrið lék við okkur þessa daga og fór allt vel fram.



### Grunnskólameistarar í fótbolta

Lið Heiðarskóla, skipað drengjum í 9. og 10. bekk vann fótboltamót grunnskóla Reykjanesbæjar í Reykjaneshöllinni þann 15. september. Auk Heiðarskóla tóku lið úr Akur-, Myllubakka-, Njarðvíkur- og Holtaskóla þátt. Drengirnir voru að vonum ánægðir með sigurinn.





## Bækur og útileikir

# Bókaupplestur í nóvember og desember



Við fengum til okkar góða gesti í lok nóvember og í desember sem lásu upp úr nýútkomnum bókum sínum. Fyrstur mætti Ævar Þór Benediktsson og las hann fyrir nemendur í 3.-5. bekk úr bók sinni Þín eigin Þjóðsaga. Krakkarnir í 5. bekk sýndu honum afrakstur lestrarátaksins þeirra en þeir hafa fyllt í sameiginlegt vísindaglas og hengt tilraunaglös á vísindatré, eitt fyrir hverja bók sem þeir lesa. Ævari þótti mikið til þess koma. Lestrarátaki 5. bekkjar er lokið en Lestrarátak Ævars vísindamanns stendur yfir til 1. febrúar. Við hvetjum því nemendur okkar í 1.-7. bekk eindregið til að taka þátt með því að skrá þrjár bækur sem þeir lesa á þar til gerða miða og skila í kassann á bókasafni skólans.

Það er óhætt að segja að Gunnar Helgason hafi haldið uppi stuðinu með 5.-8. bekk þegar hann las upp úr bókinni Gula spjaldið í Gautaborg. Þetta er fjórða bókin um fótboldakappann Jón Jónsson og jafnframt sú síðasta. Krakkarnir skemmtu sér konunglega í salnum með Gunnari sem átti athygli þeirra óskipta í rúma kennslustund. Starfsfólk skemmti sér ekki síður.

Þann 10. desember gaf Þorgrímur Þráinsson sér svo tíma til að hitta yngstu og elstu nemendur okkar. Hann las úr nýútkominni spennusögu sinni Hjálp fyrir unglingana og sagði krökkunum í 1. og 2. bekk frá sögunni um Núa og Níu og sýndi þeim myndskreytingar Línu Rutar listakonu. Nemendur okkar tóku vel á móti Þorgrími og hlustuðu á upplestur hans og frásögn af athygli.

Eyrún Ósk Jónsdóttir ætlaði einnig að heimsækja okkur og lesa úr bókinni Söngur snáksins fyrir nemendur á unglingastigi í desember en var því miður veðurteppt.

Vonandi verða nemendur okkar svo lánsamir að fá skemmtilegar bækur í jólagjöf sem þeir geta notið að lesa í jólafríinu.

## Leikjavinaverkefnið gengur vel

Í byrjun september var farið af stað með verkefni sem kallað er *Leikjavinir*. Það gengur út á að 5-6 nemendur í 10. bekk stjórna leikjum í frímínútunum sem hefjast kl. 9.30, á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum.


Í hverri viku hafa nemendur val um að taka þátt í tveimur hópleikjum. Markmiðin með þessu verkefni eru fyrst og fremst þau að skapa aðstæður þar sem allir áhugasamir geta tekið þátt í skipulögðum leikjum og að skapa stemmningu og vonandi hefð fyrir því að nemendur leiki sér saman í skemmtilegum leikjum. Verkefnið hefur gengið virkilega vel og hafa nú flestir leikjavinahóparnir stýrt leikjum tvisvar sinnum. Veturkonungur hefur minnt hressilega á sig undanfarnar vikur en leikjavinirnir láta það ekkert á sig fá heldur finna skjólsæla staði við skólann þar sem leikið er af miklum móð.





## Niðurstöður samræmdra prófa

Nemendur í 4., 7. og 10. bekk tóku samræmd próf í september. Allir árgangarnir tóku próf í íslensku og stærðfræði en 10. bekkur tók einnig próf í ensku. Nú liggja niðurstöður fyrir og á myndritinu hér til hliðar má sjá normaldreifðar einkunnir nemenda Heiðarskóla í samanburði við landsmeðaltal. Á heildina litið stóðu nemendur okkar sig vel. Við höfum það þó alltaf að markmiði að nemendur okkar séu í eða yfir landsmeðaltali og sjáum við því sóknarfærin í þessum niðurstöðum. Kennarar hafa þegar skoðað niðurstöðurnar vel og munu nýta þær í áframhaldandi skipulagi kennslu.





## Menningarstundir

Í tilefni af Degi íslenskrar tungu 16. nóvember fóru fram menningarstundir á sal skólans vikuna 17.-21. nóvember. Þar sýndu allar bekkjadeildir skemmtiatriði, ýmist fyrir árganginn sem er einu ári yngri eða eldri. Þar var leikið, sungið, dansað, spilað á hljóðfæri og margt fleira, eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.

